

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2004 frá 29. október 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/55/EB frá 20. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/371/EB frá 20. apríl 2004 um skilyrði fyrir markaðssetningu fræblandna sem nota á til ræktunar fóðurjurta ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE) í 1. hluta:
„- **32004 L 0055**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/55/EB frá 20. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 114, 21.4.2004, bls. 18).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 34. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/297/EB) í 2. hluta:
„35. **32004 D 0371**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/371/EB frá 20. apríl 2004 um skilyrði fyrir markaðssetningu fræblandna sem nota á til ræktunar fóðurjurta (Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/55/EB og ákvörðunar 2004/371/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 114, 21.4.2004, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 39.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.